

# Hverfisfundur í Brekkuskóla



Akureyrarbær



# Fundurinn



Akureyrarbær

Hverfisfundur fyrir íbúa á Neðri brekkunni og innbænum var haldinn í Brekkuskóla 22. maí 2024 kl. 17:00. Dagskráin var einföld og tók um klukkustund. Boðið var uppá léttar kaffiveitingar og um 35 manns mættu á fundinn. Þar af voru um 15 starfsmenn, kjörnir fulltrúar og sviðsstjórar.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri bauð fólk velkomið og fór yfir tilgang og fyrirkomulag fundarins. Áhersla fundarins var að virkja íbúa til samtals um nærumhverfið í litlum hópum á borðum og til umræðu voru tvær spurningar.

## **1. Hvað er gott við hverfið þitt?**

## **2. Hvað má bæta í hverfinu?**

Hver spurning var rædd á borðunum í ca. 10 – 15 mínútur. Á borðunum voru blöð, pennar og vefslóð/QR kóði inn á Slido könnunarforrit. Hlutverk bæjarfulltrúa á hverju borði var að hlusta, taka þátt í samtali og punkta niður helstu atriði sem rædd voru.

Fundargestir gátu svo dregið fram farsímana sína og varpað upp á skjá sínum áherslum sem að birtust í orðaskýi upp á skjá með forritinu Slido.

Í lokinn var farið hring á borðunum, helstu niðurtstöður kynntar og opin umræða í salnum. Ásthildur bæjarstjóri þakkaði fólki fyrir komuna og sleit fundinum.



Akureyrarbær

# Hvað er gott við hverfið þitt?

- Það sem fólk nefndi einna helst sem kosti við hverfið var stuttar vegalengdir í alla þjónustu. Hverfið er gróíð, mikil veðursæld, stutt í miðbæinn, stutt í sund, hús vel hirt og umhverfið fallett.
- Á fundinum var mikil ánægja með Lystigarðinn, Hamarkotstúnið, skólana í hverfinu og Amtsbókasafnið.



Akureyrarbær

# Hvað er gott – punktar frá borði 1

- Hverfið er grænt
- Laugargata. Búið að gera gott úr húsinu
- Stutt í allt. Miðsvæðis
- Veðursæld
- Menningarhverfi
- Hverfispúb
- Hopp
- Gott að hafa Hlíð
- Götuhreinsanir. Góðar upplýsingar þegar þetta stendur til
- Frískápurinn á Amtsbókasafninu
- Lystigarðurinn
- Hamarkotstún. Folf völlurinn og leiksvæðið
- Frábær staðsetning
- Jákvætt að hafa leikskólann Hólmasól



Akureyrarbær

# Hvað er gott – fleiri punktar frá borði 1

- Sundlaugargarðurinn
- Góður snjómokstur
- Bílastæðamál
- Góður skóli
- Góðar gönguleiðir
- Frábær vörður við gangbraut í Brekkuskóla



Akureyrarþing

# Hvað er gott – punktar frá borði 2

- Besta hverfið
- Hjarta bæjarins
- Söfnin
- Gróðursælt
- Græn svæði
- Lystigarðurinn
- Öll þjónusta
- Hamarkotstúnið
- Nálægð við sjóinn
- Sundlaugin
- Ánægja með grenndargámana



Akureyrarbær

# Hvað er gott – punktar frá borði 3

- Sundlaug Akureyrar
- Hjólastígar
- Stutt í allar áttir og alla þjónustu
- Stutt í miðbæ og Glerártorg
- Þurfum lítið að fara út fyrir hverfið
- Sumrin eru góð
- Fólk helst í hverfinu
- Fjölbreytt bygginarform
- Manneskjulegt umhverfi
- Stutt í flott útivistasvæði
- Fjölskylduvænt



Akureyrarbær

# Hvað er gott – punktar frá borði 4

- Stutt í alla þjónustu. Miðbærinn og sund
- Bókasafn
- Tónlistarskólinn
- Sjarmerandi hverfi
- Tré





Akureyrarbær

# Hvað er gott – punktar frá borði 5

- Fínir leikvellir og vel hirtir
- Stutt í allt. Mikill kostur
- Mikið af trjám
- Falleg og vel hirt hús
- Tjaldsvæðið farið
- Hamarkotstún
- Hverfisbúð
- Lystigarður – perla



Akureyrarbær

# Hvað er gott – punktar frá borði 6

- Allt gott við innbæinn. Fuglalíf
- Stutt í allt
- Mikill mannauður, stór skóli og stabíll nemendafjöldi
- Skólinn vel staðsettur og stutt í sundlaugina
- Óskaplega þægilegt hverfi og umferð öll róleg
- Mokstur til fyrirmyndar í vetur

# Hvað er gott við hverfið þitt?



Akureyrarbær





Akureyrarbær

# Hvað má bæta í hverfinu?

- Mikil umræða var um umferðaröryggi og hvernig hægt væri að sporna við of hröðum akstri í hverfinu. Umferð og aðgengi að Brekkuskóla mætti vera betra og áhyggjur af umferð í tengslum við uppbyggingu á tjaldsvæðisreitnum voru ræddar.
- Rætt var um að það væri löngu orðið tímabært að taka skólalóðina við Brekkuskóla alveg í gegn.



Akureyrarbaer

# Hvað má bæta – punktar frá borði 1

- Of mörg frístundahús – án fastra íbúa
- Vantar gangstéttar í þröngar götur eins og Munkaþverárstræti
- Umferðarhaði má lækka
- Leggja öðumegin í þröngum götum
- Lagfæringar á gangstéttum
- Mjög léleg skólalóð við Brekkuskóla
- Fjölga bílastæðum við hús
- Líf á Akureyrarvöll og Tjaldsvæðisreit
- Fræðsla um flokkun á sorpi
- Vantar meira líf/list á tor
- Götulistaverk
- Virkja skátagilið
- Vantar falleg gróðurhús í miðbæinn
- Upplýsingagjöf til eldri húsa v/verndun
- Vatnshani
- Umferðarhraði við Þingvallarstræti



Akureyrarþing

# Hvað má bæta – punktar frá borði 2

- Bæta má stígakerfið – hjólreiða og göngustíga
- Útivistarsvæðið á Hamarkotstúni t.d blakvöllur
- Laga útisvæði sem leynast á milli húsa
- Suðurbyggðin
- Stækka Lystigarðinn. Nýta lóðina við MA
- Laga Skátagilið
- Merkja og auglýsa betur gönguleiðir. Falin leyndarmál
- Malbika



Akureyrarbær

# Hvað má bæta – punktar frá borði 3

- Snjómokstur. Batnaði eftir að farið var að nota blásara
- Mikið af bílum. Eitt bílastæði, margir bílar
- Bílarnir við Hamragerði
- Ónýtar götur og ekkert gert í mörg ár
- Hraðamyndavél í Þingvallastræti
- Ekki hraðahindranir
- Umferðarhávaði í Þingvallastræti
- Heyri eitthvað hljóð í Kringlumýri
- Flaut í skipum eftir miðnætti
- Tjaldsvæðisreitur- halda tjaldsvæði eða útivistarsvæði
- Vil ekki þrengja meira að spítalanum. Hann þarf að geta stækkað



Akureyrarbær

# Hvað má bæta – punktar frá borði 4

- Lýsing á veturna
- Skólalóð við Brekkuskóla
- Umferðaröryggi á bílaplani við íþróttahöll/skóli/Sundlaug
- Umbætur í Skátagili
- Mögulega of mikill gróður. Sérð ekki húsin og myrkur í húsum. Hættulegt í umferðinni
- Hraðakstur almennt
- Taka niður hámarkshraða/svifryk
- Rútumferð um Hafnarstræti og Aðalstræti frá Höpfnersbryggju
- Laga Ráðhústorgið





Akureyrarbær

# Hvað má bæta – punktar frá borði 5

- Fleiri hjólastíga – auðvelda hjólreiðar í hverfinu
- Ekki byggja á grænum svæðum
- Fjölga hvefisbörum
- Miðbær er skuggsæll og kaldur
- Vera duglegri að sópa hverfið
- Dýrahald/kettir/of mikið af



Akureyrarbær

# Hvað má bæta – punktar frá borði 6

- Vantar skólastæto fyrir börn
- Tónatröð. Breyta skipulaginu. Minni hús eða skoða hvort lóðirnar gætu gagnast sjúkrahúsinu
- Áhyggjur af umferð í tengslum við uppbyggingu á tjaldsvæðireit
- Umferð og aðgengi að skólanum mætti vera betra
- Skólalóðin við Brekkuskóla þarf andlitslyftingu
- Innbær: miklir skuggar af trjám. Vantar að grisja í brekkunum. Mætti gera þar göngustíga. Mætti færa leikvöllinn aftur upp í gil þar sem hann var áður
- Aðalstræti. Ósk um að Akureyrarbær taki þátt í að lagfæra kant við Aðalstræti 36
- Bílastæði við Brekkuskóla notuð af íbúum og ástandið verra á veturnar
- Lækjargil. Ástandið á malarveg ekki gott. Mætti fegra gilið
- Umferðaröryggi. Sporna gegn of hröðum akstri

# Hvað má bæta í hverfinu?



Akureyrarbær





Akureyrarbær

# Úrvinnsla og niðurstöður

- Minniháttar ábendingum sem snúa að daglegri starfsemi einstakra sviða hefur nú verið komið á framfæri við viðeigandi starfsfólks og stjórnendur í gegnum ábendingakerfið. Dæmi: ábending um lagfæringar á gangstéttum, kantsteinum og fl.
- Stærri og kostnaðarsamari ábendingum verður komið til fagraða og viðeigandi nefnda bæjarins til umræðu.